

*Ályktun frá Neista, félagi slökkviliðsmanna í Borgarbyggð.*

Aðalfundur Neista, haldinn 11.6.2020, fagnar þeirri uppbyggingu sem hefur orðið á síðasta ári á búnaði slökkviliðsins jafnframt hvetjum við til áframhaldandi uppbyggingar Slökkviliðs Borgarbyggðar.

Samanber forgangsröðun minnispunkta sem slökkviliðstjórar hafa lagt fyrir byggðaráð Borgarbyggðar.

Hér að neðan eru einnig nokkrir punktar sem stjórn Neista vill koma á framfæri við byggðaráð og sveitastjórn Borgarbyggðar.

- Stjórn Neista vill hvetja til þess að farið verði strax í að finna aðra slökkvibifreið fyrir slökkviliðið eftir að Magarius sem staðsettur var á Bifröst gaf upp öndina. Útibú slökkviliðsins á Bifröst er óvirkt á meðan engin slökkvibifreið er á svæðinu. Við viljum einnig hvetja Borgarbyggð til þess að skoða nýja/nýlega kosti í bifreiðamálum, ekki kaupa það sem önnur lið eru hætt að nota.
- Stjórn Neista vill ítreka að fundin verðir varanleg lausn á málefnum Hvanneyrarstöðvar slökkviliðsins.
- Stjórn Neista vill einnig finna tíma tíma til þess að bjóða byggðaráði/sveitastjórn á fund ásamt stjórnendum á starfsstöð slökkviliðsins í Borgarnesi.